Nr. 537 26. maí 2008

# AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020, miðsvæði sunnan miðbæjar Grindavíkur.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 26. maí 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020 frá 17. desember 2002.

Breytingin felst í því að 1 ha svæði fyrir þjónustustofnanir (S13) breytist í miðsvæði. Jafnframt breytist lögun svæðisins lítillega sem og gatnamót Víkurbrautar og Ránargötu og gatnamót Ránargötu og Austurvegar.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 26. maí 2008.*

F. h. r.
**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Logi Kjartansson.*

B-deild – Útgáfud.: 9. júní 2008